

Aðgangur nemenda að húsnæði Háskóla Íslands

Opnunartími bygginga Háskóla Íslands er mismunandi eftir byggingum og starfsemi þeirra. Almennur opnunartími er frá 7:30 til 18:00 og lokað um helgar. Nokkrar byggingar (svokallaðir kjarnar) bjóða upp á vinnuástöðu fyrir stúdenta, t.d. lesastöðu og tölvuver. Þessar byggingar eru opnar að vetrarlagi frá 7:30 til 22:00 á virkum dögum og til 20:00 á laugardögum. Á sunnudögum eru þær opnar frá 10:00 til 20:00. Eftir 18:00 er stúdentum ekki heimilt að bjóða gestum og óviðkomandi aðilum inn í byggingar Háskóla Íslands. Á prófatíma er aðgangur að byggingum skólans aukinn samkvæmt ákvörðun öryggisnefndarinnar og rekstrar fasteigna hverju sinni.

Stúdentar geta sótt um aukinn aðgang að einni kjarnabyggingu háskólans (Kjarni 1: Háskólatorg, (innangengt er um Gimli í Odda og Lögberg), Kjarni 2: VR-II, Kjarni 3: Askja og Kjarni 4: Hamar) umfram venjulegan opnunartíma þeirra (til 24:00 á virkum dögum og til 22:00 um helgar). Hægt er að sækja rafrænt um aukinn aðgang í gegnum tölvukerfi háskólans (Ugluna). Stúdentar greiða fyrir slíkt aðgangskort og fá síðan hluta gjaldsins endurgreiddan þegar kortinu er skilað. Þegar stúdent sækir um heimild fyrir auknum aðgangi samþykkir hann eftirfarandi skuldbindingar:

- Hann einn muni nota kortið til að komast inn í byggingar háskólans. Hann muni ekki lána öðrum kortið né taka með sér gesti.
- Hann gangi snyrtilega um öll rými og skilji ekki eftir sig matarílát eða annað rusl á borðum eða gólfi.
- Hann muni hafa almennar umgengnisreglur Háskóla Íslands í heiðri (sjá Viðauka II).
- Misnoti hann kortið, verður það felld úr gildi.

Sérstakar reglur fyrir meistara- og doktorsnemendur

Háskóli Íslands gerir sér grein fyrir því að stúdentar í framhaldsnámi þurfa oft að vinna fram eftir. Þessir stúdentar geta fengið aukinn aðgang með atbeina leiðbeinanda síns. Ósk um rýmri aðgangsheimildir skal vera rökstudd og er háð samþykki deildar.

Stúdent sem hefur fengið aukinn aðgang ber að virða þær skuldbindingar sem nefndar eru hér að framan. Honum er óheimilt að vera einn að störfum á rannsóknarstofum háskólans sem og að vinna með hættuleg efni eða tilraunir sem krefjast sérstakrar varúðar eftir 18:00 eða fyrir 7:30. Þurfi hann að setja af stað tilraunir sem krefjast viðveru á þessum tíma, skal hann sjá til þess að einhver líti inn til hans (t.d. leiðbeinandi eða umsjónarmaður fasteignarinnar) á meðan vinnan er í gangi.

Fyrirvaralaus lokun bygginga

Öryggisnefnd Háskóla Íslands getur þurft að loka eða rýma húsnæði skólans fyrirvaralaust og án skýringa. Tilkynningar eða skýringar á slíkum aðgerðum verða settar á innra net skólans eða sendar út á póstlista stúdenta og starfsmanna ef því verður við komið.